

## Foreldrafélag leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Annar fundur skólaársins 2016-2017

9. nóvember 2016

Kl. 20.30-22.00

Mætt: Marie Greve Rasmussen, Inga María Sigurðardóttir, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Anna Rósa Guðmundsdóttir, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Guðlaug Ásmundsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir og Sigurður Tómasson.

Fundarefni:

- Nýr gjaldkeri foreldrafélagsins, Anna Rósa Guðmundsdóttir, tekur til starfa eftir að Daniela sagði sig frá því. Daniela verður í varastjórn (fulltrúi grunnskóla).
- Skipulagning vetrarstarfs:
  - Jólaleikrit frá Leikhúsi í tösku verður sýnt í leikskólanum 1. desember nk.
  - Jólasveinn mun mæta á jólaballið í leikskólanum 14. desember nk.
  - Jólaföndur leik- og grunnskólans verður haldið laugardaginn 26. nóvember í Heiðarskóla, frá 11-14, með fyrirvara um laust húsnæði. Stefnt á samstarf við 9. og 10. bekk líkt og áður.
  - Til stendur að halda spilakvöld í janúar, nánar auglýst síðar.
  - Stefnt á fyrirlestur fyrir foreldra eldri barnanna í febrúar, verður auglýst þegar nær dregur.
- Foreldrafélagið fékk forvarnarstyrk frá sveitarfélaginu, upp á 75 þúsund krónur. Gert er ráð fyrir að nýta fjármagnið í flottan fyrirlestur sem nýtist eldri barnahópnum/foreldrum. Gert er ráð fyrir að afgangur (ef einhver verður) nýtist í eitthvað gagnlegt fyrir yngri börnin/foreldra þeirra.
- Önnur mál:
  - Leikskólinn verður 20 ára 8. desember nk. Gert er ráð fyrir gagnlegri gjöf frá foreldrafélaginu af því tilefni.
  - Heimasíðan skoðuð, rætt um flipann Foreldrar. Gagnlegt að hafa reglur foreldrafélagsins þar, fundargerðir og einnig tengja betur facebook síðu félagsins og heimasíðu.
  - Vorhátíð rædd stuttlega, möguleg skemmtiatriði og styrktaraðilar.
  - Fulltrúar í Fræðslu- og skólanefnd rifjuðu upp helstu atriði nýliðins fundar.
  - Næsti fundur áætlaður í byrjun janúar.

Guðlaug Ásmundsdóttir ritaði fundargerð.